

Nd.

86. Frumvarp til laga

[68. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

Flm.: Einar Sigurðsson.

11. gr. laganna falli niður.
1. gr.
2. gr.
- Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að ryðja úr vegi þeirri hindrun, sem á því er að hefja verzlun í sveit, en í lögnum er það ákvæði, að meðmæli sýslunefndar þurfi að koma til.

Vilji einstaklingur eða félag hins vegar fá leyfi til verzlunar í kaupstað, eru ekki ákvæði í lögnum um, að bæjarstjórnir skuli mæla með því.

Þetta virðist óeðlileg skerðing á rétti til verzlunarrekstrar, ef umsækjendur uppfylla að öðru leyti ákvæði laganna, en bæjarfógetum og sýslumönnum er að sjálfsgöðu skylt samkvæmt lögnum að ganga úr skugga um, að umsækjandi um verzlunarleyfi fullnægi ákvæðum laganna um leyfi til verzlunarreksturs.

Það, sem lagt er hér til að fellt sé niður úr lögnum, er 11. greinin, svo hljóðandi:

„Leyfi til sveitaverzlunar má ekki af hendi láta, nema sýslunefnd telji heppi-  
legt, að verzlun sé í þeirri sveit, enda sé umsækjandi þar heimilisfastur og að  
hennar dómi hæfur til að reka verzlunina.“